

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – fyrri hluti

7. október 2013

kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er því skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu.

Prófmenn eru beðnir um að prenta tvö afrit af lausnum og skila í prófmöppu að prófinu loknu.

Prófmönnum er óheimilt að taka með sér prófið, fylgiskjöl, lausnir eða nokkur önnur gögn að loknum fyrri prófdegi. Þessi gögn mega prófmenn hafa með sér að loknum síðari hluta prófsins.

Verkefni 1 – 60 mín.

Gamla endurskoðunin hefur endurskoðað Hraðfrystihúsið hf. um árabíl. Félagið rekur fjóra togara og eru þeir farnir að eldast. Stjórnendur félagsins gera ráð fyrir að endurnýja þurfi skipin innan fárra ára. Ljóst er að um umtalsverða fjárfestingu verður að ræða og því hyggst félagið gefa út skuldabréf og skrá í Nasdaq OMX Nordic. Einnig hefur komið til tals að skrá hlutabréf félagsins í kauphöll. Stjórnin hefur ákveðið að hefja undirbúning að skráningu félagsins í kauphöllina og er eitt verkefnið að breyta um reikningsskilaaðferðir, þ.e. að fara úr ársreikningalögum í alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ársreikningur 2013 mun því verða gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Þú hefur tekið að þér verkefnastjórn við endurskoðun ársreiknings 2013. Endurskoðunarteymið mun hittast á upphafsfundi í næstu viku og þá þarft þú að vera búinn að gera fyrstu drög að áhættumati fyrir verkefnið. Umsjónarendurskoðandinn biður þig líka um að taka saman stutt minnisblað um áhættuþætti í endurskoðun og afhendir þér rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi Hraðfrystihússins hf. frá fyrra ári, sjá fylgiskjal 1. Fylgiskjalið er einnig í Excel-skjali. Hann segir að þegar hann hafi lært endurskoðun hafi verið lagt mat á endurskoðunaráhættu (e. audit risk) og endurskoðunarmarkmið (e. audit objectives). Nú hins vegar heyri hann að ungu viðskiptafræðingarnir séu farnir að tala um alls kyns áhættuþætti; viðskiptaáhættu (e. business risk), lykiláhættu (e. significant risk), verulega áhættu (e. risk of material misstatement) o.s.frv. Þá er talað um það að endurskoðendur þurfi að greina alla áhættuþætti í tengslum við endurskoðunarverkefni, en samt einungis að leggja áherslu á lykiláhættuþætti. Umsjónarendurskoðandinn segist alveg verið kominn í hring með þetta og biður þig um að ganga frá áhættumati vegna Hraðfrystihússins þannig að það standist kröfur alþjóðlegra endurskoðunarstaðla.

Verkefni:

- A) Taktu saman minnisblað um hvernig þú telur að endurskoðandi eigi að standa að áhættumati í endurskoðun. Taktu mið af því sem þú telur að umsjónarendurskoðandinn eigi erfitt með skilja, eins og fram kom hér að framan, og reyndu að skýra þau atriði á skilmerkilegan hátt.**
- B) Framkvæmdu áhættumat vegna endurskoðunar ársreiknings Hraðfrystihússins 2013 í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Rökstyddu mat þitt.**
- C) Gerðu drög að endurskoðunarfyrirmælum og tengdu þau áhættumatinu í B-lið.**

Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 2 – 60 mín.

Þú hefur nýverið tekið við verkefnastjórn í endurskoðunarteymi hjá Gömlu endurskoðuninni. Páll endurskoðandi endurskoðaði Salthúsmarkaðinn ehf. í fyrsta skipti í fyrra. Páll sagði þér að hann hefði verið hálf óöruggur með hvaða hætti þyrfti að skoða tölvuumhverfi fyrirtækisins og tölvukerfi. Páll sagði þér jafnframt að hann hefði eiginlega ekkert gert með þetta í fyrra, en nú kæmist hann sjálfsagt ekki upp með það lengur. Páll tók saman minnisblað um allt sem hann vissi um tölvukerfin og sagðist vera búinn að fá staðfest frá stjórnendum að þessi skilningur hans á tölvuumhverfinu væri réttur. Páll vill að þú takir að þér að skipuleggja þennan þátt endurskoðunarinnar.

Minnisblað

Varðar: Tölvuumhverfi Salthúsmarkaðarins ehf.

Frá: Gömlu endurskoðuninni – Páli endurskoðanda.

Dagsetning: 27. september 2013.

Um fyrirtækið

Íbúar á Stöðvarfirði hafa um árabil starfrækt handverksmarkaðinn Salthúsmarkaðinn ehf. í gömlu yfirgefnu saltverkunarhúsi á staðnum. Markaðurinn hefur notið mikilla vinsælda meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Handverksfólk á Stöðvarfirði hefur selt ýmsan varning á þessum markaði auk þess sem margir ungir listamenn hafa sest að á Stöðvarfirði og selt list sína á markaðnum. Fyrir tveimur árum fékk ung stöðfyrirsk stúlka, Guðrún Alda, þá hugmynd að setja upp heimasíðu og selja vörurnar á vefnum. Heimamenn keyrðu verkefnið strax af stað og voru viðtökurnar ótrúlega góðar. Nú svo komið að vörurnar seljast út um allan heim.

Stutt lýsing á sölufurli

Salthúsmarkaðurinn ehf. selur ýmsar vörur á veraldarvefnum sem að mestu tengjast handverki og list. Salan fer þannig fram að félagið er með öflugra vefsíðu þar sem rekin er vefverslun. Kaupendur heimsækja vefsíðu félagsins og velja sér “vöru” til kaups og greiða fyrir hana með kreditkorti. Hver listamaður (seljandi) hefur ákveðna vefsíðu (hillu) í vefversluninni. Haldið er utan um vefverslunina og sölu í gagnagrunni sem hefur verið þróaður eftir þörfum félagsins. Gagnagrunnurinn er kallaður Sulan og er nánari umfjöllun um hann síðar í minnisblaðinu. Salthúsmarkaðurinn ehf. notar einnig fjárhagsbókhaldskerfið DK og eru söluupplýsingar færðar handvirkt úr Sulan í DK eftir listum úr Sulan.

Sala til íslenskra aðila

Sala til íslenskra aðila er færð sem sala hjá Salthúsmarkaðnum ehf. og sér félagið um að skila virðisaukaskatti af sölunni.

Sala til erlendra aðila

Sala til erlendra aðila fer fram eins og um sölu til íslensks aðila sé að ræða. Í Sulan kerfinu er tafla sem heldur utan um virðisaukaskattsprósentu í þeim löndum sem félagið selur til. Starfsmaður Salthúsmarkaðarins ehf. slær reglulega inn virðisaukaskattsprósenturnar sem koma frá Revenue OnLine Service í Dublin. Revenue OnLine Service sér um að skila virðisaukaskatti fyrir hönd Salthúsmarkaðarins ehf. til viðkomandi landa. Þessi uppgjör fara fram ársfjórðungslega.

GlobalCollect Ltd.

GlobalCollect Ltd. er breskt félag í greiðslubjónustu (e. payment services). GlobalCollect Ltd. sérhæfir sig í að aðstoða félög sem selja á veraldarvefnum. GlobalCollect Ltd. hefur eftirlit með öryggi færslna og viðskipta á vefnum og lætur vita hvort kreditkort séu í lagi eða ekki. GlobalCollect Ltd. sér um kreditkortaúttektirnar og skilar mánaðarlega uppgjöri til Salthúsmarkaðarins.

Nánar um sölukerfið

Salan fer þannig fram:

1. Viðskiptamaður skráir sig inn á vefsíðu Salthúsmarkaðarins ehf. og ýtir á "kaupa"
2. Við að smella á "kaupa" takkann er hann færður á öruggan þjón (e. server) hjá Salthúsmarkaðnum ehf.
3. Á örugga þjóninum er innsláttarform þar sem viðskiptamaðurinn þarf að skrá kreditkortaupplýsingar, nafn og aðrar upplýsingar og ýtir svo á "samþykkja".
4. Öruggi þjónninn tekur saman upplýsingarnar sem viðskiptamaðurinn slær inn og sníður (e. format) þær fyrir GlobalCollect og dulkóðar. Þessar upplýsingar eru sendar á GlobalCollect greiðslugáttina.
5. GlobalCollect greiðslugáttinn tekur við gögnunum og athugar hvort það sé heimild á kreditkort og sendir Salthúsmarkaðnum svar (já eða nei). Salthúsmarkaðurinn sendir vöruna af stað til afhendingar ef heimild er gefin til úttektar á kreditkort.
6. GlobalCollect Ltd. skilar Salthúsmarkaðnum ehf. mánaðarlega greiðslum frá kreditkortum.

Gagnagrunnur

Salthúsmarkaðurinn ehf. hefur þróað og útbúið gagnagrunn til notkunar við skráningu á sölu félagsins á netinu. Þennan gagnagrunn kallar félagið Sulan. Sulan sér um að safna söluinni saman þannig að hægt sé að ganga frá uppgjöri, bæði til handverksfólksins og listamannanna og einnig vegna virðisaukaskattsuppgjors.

Ekki er búið að fullþróa Sulan kerfið og er það því ekki aðgengilegt notendum nema í gegnum sérstakar SQL fyrirspurnir á grunninn sem einungis kerfisfræðingar geta framkvæmt. Kerfisfræðingarnir kalla því fram söluupplýsingarnar og aðrar upplýsingar úr Sulan kerfinu og setja yfir í Excel. Kallað er eftir söluskýrslum á tveggja mánaða fresti í tengslum við virðisaukaskattsuppgjör á Íslandi og ársfjórðungslega vegna erlendrar sölu. Upplýsingarnar eru færðar handvirkt inn í bókhaldskerfið DK. Þegar við komum að endurskoðun síðasta árs (endurskoðun vegna ársins 2011) var kerfisfræðingurinn búinn að keyra þessa sölukeyrslu (sölukeyrslur yfir allar söluhreyfingar ársins) úr Sulan og var búið að færa sölu á DK fjárhagsbókhaldskerfinu. Páll spurði kerfisfræðinginn hvort hann gæti endurtekið keyrsluna á meðan hann fylgdist sjálfur með svo hann gæti sannreynt að söluupplýsingarnar væru að koma réttar úr gagnagrunninum. Kerfisfræðingurinn treysti sér ekki til að endurtaka keyrsluna þar sem það væri svo mikil vinna að setja keyrsluna af stað og engin aðgerðalýsing (e. script) væri til sem sýndi hvernig keyrslan hefði verið framkvæmd.

Verkefni:

Í tengslum við skipulagningu endurskoðunarinnar á ársreikningi Salthúsmarkaðarins ehf. vegna ársins 2012 þarft þú að svara eftirfarandi spurningum:

- A) Hvað þarf endurskoðandi að leggja til grundvallar þegar hann metur hvort þörf sé á sérfræðingi í tölvuendurskoðun í endurskoðunarteymið?**
- B) Hvað er átt við með eftirlitsþáttum í almenna tölvuumhverfinu (e. Information Technology General Controls eða ITGC) og hvaða áhrif getur ITGC haft á reikningsskil og endurskoðun þeirra?**
- C) Með hvaða hætti telur þú að Páll endurskoðandi þurfi að skoða tölvuumhverfi og tölvukerfi Salthúsmarkaðarins ehf.? Taktu saman minnisblað til Páls hvernig þú telur rétt að standa að skipulagningu þessa hluta endurskoðunarinnar. Við lausn verkefnisins þarf ekki að huga að því hvort ákvæði virðisaukaskattslaga séu uppfyllt.**

Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 3 – 40 mín.

Thule Seafood Group er alþjóðleg fyrirtækjasamstæða í sjávarútvegi. Íslenska félagið Thule Seafood Group hf. er móðurfélagið þar sem ýmis konar miðlæg starfsemi á sér stað, s.s. stjórnun og þjónusta við einstök dótturfélög. Hin eiginlega sjávarútvegsstarfsemi, bæði útgerð og vinnsla, fer fram í dótturfélögum Thule Seafood Group hf. í hinum ýmsu löndum, þ.á m. á Íslandi í dótturfélaginu Thule Seafood Iceland ehf. Í Evrópu fer hin eiginlega sjávarútvegsstarfsemi þó fram í dótturdótturfélögum, þar sem á milli Thule Seafood Group hf. og evrópsku rekstrarfélaganna er þýska félagið Thule Seafood Europe GmbH sem gegnir svipuðu hlutverki fyrir evrópsku félögin eins og Thule Seafood Group hf. gegnir fyrir önnur félög í samstæðunni.

Forstjóri móðurfélagsins heitir Helgi Guðbjartsson. Hann hefur leitað skattaráðgjafar hjá fyrirtæki þínu vegna eigin einstaklingsframtals og hefur komið því til leiðar að Thule Seafood Group samsteypan gerir það einnig. Helgi leitar nú til þín með ýmis skattaleg álitamál, bæði persónulega og f.h. Thule Seafood Group:

- A) Thule Seafood Group hf. á Íslandi og Thule Seafood Europe GmbH gegna svipuðu hlutverki í samstæðunni. Í báðum félögum fer fram ákveðin stjórnun, vinna við markaðsmál, vinna við bókhald og uppgjör o.s.frv. Thule Seafood Europe GmbH þjónustar að þessu leyti rekstrarfélögin í Evrópu utan Íslands (dótturdótturfélög Thule Seafood Group hf.) en Thule Seafood Group hf. önnur rekstrarfélög. Mörkin eru þó ekki alltaf skýr, þar sem t.d. hefur komið fyrir að þýska félagið hafi þjónustað íslenska rekstrarfélagið, Thule Seafood Iceland ehf. Þá hefur átt sér stað þjónustusala á milli Thule Seafood Group hf. og Thule Seafood Europe GmbH, en ákveðin sérhæfing á sér stað í hvoru félagi um sig. Helgi telur mögulegt að lög um íslenskan virðisaukaskatt hafi verið brotin að því er varðar þjónustusölu móðurfélagsins Thule Seafood Group hf. til erlendra félaga í samstæðunni og kaup félagsins og dótturfélagsins Thule Seafood Iceland ehf. á þjónustu frá Thule Seafood Europe GmbH.

Verkefni þitt er eftirfarandi:

Helgi veltir fyrir sér og spyr þig hvaða reglur gilda almennt í virðisaukaskatti, annars vegar um þjónustusölu innlands virðisaukaskattskylds aðila, eins og Thule Seafood Group hf., á þjónustu til erlendra aðila og hins vegar um kaup innlendra aðila, eins og Thule Seafood Group hf. og Thule Seafood Iceland ehf., á þjónustu erlendis frá, frá aðilum eins og Thule Seafood Europe GmbH?

- B) Helgi hefur átt spariskírteini ríkissjóðs og hlutdeildarskírteini frá því fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts á einstaklinga utan rekstrar 1. janúar 1997 og hefur verðmæti þeirra aukist umtalsvert á þessu tímabili. Í upphafi var fjármagnstekjuskattur einstaklinga 10%. Frá 30. júní 2009 til 31. desember

2009 var skatturinn 15%. Frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010 var skatturinn 18%. Frá 1. janúar 2011 hefur skatturinn verið 20%.

Verkefni þitt er eftirfarandi:

Helgi veltir fyrir sér og spyr þig með hvaða prósentu hagnaðurinn af spariskírteinum ríkissjóðs og hlutdeildarskírteinunum yrði skattlagður ef hann seldi umrædd bréf í dag?

- C) Eitt af vinnsluskipum Thule Seafood Iceland ehf. vantar kvóta og er Thule Seafood Iceland ehf. því að hugleiða kvótakaup. Thule Seafood Iceland ehf. býðst að kaupa allan kvóta útgerðarinnar Gunnbjörns ehf. sem er að hætta starfsemi og hafa félögin rætt um hugsanleg verð á aflahlutdeild og aflamarki. Aflahlutdeild er varanlegur kvóti eða veiðiheimild sem gefin er út árlega sem hlutfall af leyfilegum heildarafla ákveðinnar tegundar. Aflamark er kvóti eða veiðiheimild yfirstandandi fiskveiðiárs. Þar sem fiskveiðiárið er nýhafið, en það hófst 1. september s.l., er tiltölulega stór hluti kaupverðsins fólgin í aflamarki, eða 100 milljónir kr. á móti 400 milljónum kr. fyrir aflahlutdeildina. Samtals er gert ráð fyrir að kaupverðið verði 500 milljónir kr.

Verkefni þitt er eftirfarandi:

Helgi veltir fyrir sér og spyr þig hvernig rétt sé að Thule Seafood Iceland ehf. fari með aflahlutdeildina og aflamarkið í skattskilum sínum, ef af kaupunum verður?

Verkefni þitt er að svara spurningum Helga í samræmi við framangreinda lýsingu. Vísa skal til viðeigandi lagaákvæða og rökstyðja svör eftir því sem við getur átt.

Svarið hér:

Verkefni 4 – 50 mín.

Stjórnir Eignarhalds hf. og Fjárfestingar ehf. náðu í gærmorgun samkomulagi sem gerir ráð fyrir að Eignarhald hf. gefi út nýja hluti til Fjárfestingar ehf. og fái í staðinn alla eignarhluti sem Fjárfesting ehf. á í Jákvæðni hf., Thor Holding Ltd. í Bretlandi og Computer Systems AS í Danmörku. Samkomulagið er með fyrirvara um samþykki hluthafafundar Eignarhalds hf. Eignarhald hf. er skráð í Kauphöll OMX. Starfsemi félagsins snýst fyrst og fremst um fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum. Eignasafnið samanstendur að mestu leyti af hlutabréfum.

Nafnverð hlutafjár Eignarhalds hf. er 1.000 milljónir kr. og samningurinn gerir ráð fyrir að það sé hækkað um 300 milljónir kr. sem renni óskipt til Fjárfestingar ehf. Hlutir Fjárfestingar ehf. í Jákvæðni hf. eru 400 milljónir kr. að nafnverði, sem er 40% heildarhlutafjár félagsins. Fjárfesting ehf. á 21% hlut í Thor Holding Ltd. og 13% hlut í Computer Systems AS. Thor Holding Ltd. einbeitir sér að fjárfestingum í fasteignum, en Computer Systems AS er í ýmis konar vél- og hugbúnaðarstarfsemi fyrir tölvur.

Nýja hlutaféð í Eignarhaldi hf. er í framangreindu samkomulagi metið á 3 milljarða kr., sem er 10% lægra en síðasta viðskiptaverð í Kauphöll OMX. Því er nýja hlutaféð í Eignarhaldi hf. selt á genginu 10.

Hlutir Fjárfestingar ehf. í Jákvæðni hf., Thor Holding Ltd. og Computer Systems AS eru í framangreindu samkomulagi og samkvæmt öðrum upplýsingum metnir á 3 milljarða kr. Fyrir liggur greinargerð Verzlunarbancans hf. þar sem fram kemur að framangreint samkomulag sé ekki óeðlilegt miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir, m.a. frá forsvarsmönnum félaganna. Fjárfesting ehf. hefur skuldbundið sig til að bæta tjón sem Eignarhald hf. kann að verða fyrir á tímabili sem tekur til 12 mánaða frá þessum fyrirhuguðu viðskiptum, ef í ljós kemur að upplýsingar um þær eignir sem seldar eru Eignarhaldi hf. séu í verulegum mæli rangar og væntingar um arðsemi standist ekki.

Í gærðag hafði stjórnarformaður Eignarhalds hf. samband við lögmanninn Halldór og óskaði eftir að hann gerði nauðsynlega sérfræðiskýrslu eins og skylt er samkvæmt lögum um hlutafélög þegar til stendur að greiða fyrir nýja hluti með öðru en reiðufé. Halldór byrjaði á verkinu en veiktist skyndilega áður en hann gat klárað það. Halldór hafði skrifað þetta niður:

„Eignarhald hf.
kt. 580985-1218
Hljómskálastræti 9
101 Reykjavík

Reykjavík, október 2013.

Efni: Sérfræðiskýrsla, sbr. **37. gr. og 5.-8. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög**, vegna hlutafjárukningar Eignarhalds hf., kt. 580985-1218.

Stjórn Eignarhalds hf., hefur lagt til að hækka hlutafé félagsins um 300.000 milljónir króna, í samræmi við samning sem undirritaður var ...“

Stjórnarformaðurinn leitaði þá til þín.

Verkefni þitt er að gera drög að sérfræðiskýrslu á grundvelli framangreindra upplýsinga, sem verður hluti af skráningarlýsingu í Kauphöll OMX.

Svarið hér:

Verkefni 5 – 60 mín.

Meðfylgjandi er aldursgreindur viðskiptamannalisti Stórskipa hf., sjá fylgiskjal 5. Fylgiskjalið fylgir einnig í Excel-skjali. Viðskiptakröfur samkvæmt listanum eru kr. 992.535.031 og stemmir það við stöðu í fjárhagsbókhaldi. Mikilvægismörk við endurskoðun Stórskipa hf. voru ákvörðuð kr. 75.000.000 og skipulagningarmörk (e. performance materiality) voru ákvörðuð kr. 60.000.000.

Viðskiptakröfur eru mikilvægur liður í ársreikningi Stórskipa hf. og er hættan á verulegri skekkju (e. significant risk) metin mikil. Er sú hættan einkum tengd staðhæfingunum tilvist, lotun og mati. Viðskiptamannalistinn samanstendur af kröfum á fyrirtæki og einstaklinga. Ákveðið hefur verið að beita staðfestingarbréfum til að bregðast við hættunni á verulegri skekkju.

Verkefni:

- A) Viðauki við alþjóðlegan endurskoðunarstaðal ISA 530 tilgreinir nokkrar tegundir úrtaksaðferða. Ákvarðaðu hvaða úrtaksaðferð eða sambland af nokkrum tegundum úrtaksaðferða er mest viðeigandi fyrir úrtaksgerð í tengslum við endurskoðun á viðskiptakröfum Stórskipa hf.**
- B) Taktu ákvörðun um úrtaksstærð og veldu þær viðskiptakröfur sem senda skal staðfestingarbréf á. Rökstyddu úrtaksstærðina og tilgreindu öryggismörk úrtaksins.**
- C) Taktu ákvörðun um hvaða tegund/tegundir staðfestingabréfs/-bréfa þú ætlar að senda út. Settu upp drög að staðfestingarbréfi/-bréfum og tilgreindu hvaða upplýsingar þú óskar eftir að komi fram í svari við bréfinu/bréfunum.**
- D) Hvaða viðbótaraðgerðir þyrfti að framkvæma ef svar berst ekki við staðfestingarbréfunum?**

Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 6 - 60 mín.

Gamla endurskoðunin hefur tekið að sér endurskoðun á fyrirtækinu ESS Software hf. (ESS). ESS er hugbúnaðarfyrirtæki sem hefur unnið að þróun hugbúnaðar og lausna er tengast innra eftirliti og áhættustýringu, auk ýmiss annars hugbúnaðar er nýttist við fjármálastjórnun fyrirtækja. Hugbúnaðurinn hefur reynst vel og er hann nú notaður í sjö löndum. ESS hefur stofnað þrjú dótturfélög, í Tékklandi, Ungverjalandi og Póllandi. Þá er ESS í samstarfi við tvö félög, eitt í Hollandi og annað í Frakklandi. Er þar um að ræða svokölluð sameiginleg verkefni (e. joint ventures). Þá er ESS með útibú í Danmörku og Noregi.

	Hagnaður fyrir skatta janúar til júní 2013 ISK millj.	Eigið fé 30. júní 2013 ISK millj.
Móðurfélag – Ísland	2.000	500
Dótturfélag 1 – Tékkland	1.000	10
Dótturfélag 2 – Ungverjaland	800	300
Dótturfélag 3 – Pólland	1.300	50
JV – Holland	1.200	750
JV – Frakkland	1.350	380
Útibú – Danmörk	900	
Útibú – Noregur	450	

Gamla endurskoðunin er ekki hluti af alþjóðlegri keðju endurskoðunarfyrirtækja og verður því að reiða sig á vinnu ýmissa endurskoðunarfyrirtækja um heim allan. Umsjónarendurskoðandinn þekkir vel hugbúnaðarfyrirtæki og endurskoðun þeirra, en hefur ekki áður borið ábyrgð á samstæðuendurskoðun út fyrir landsteinana. Undanfarnar vikur hefur umsjónarendurskoðandinn reynt að afla sér upplýsinga um þá endurskoðendur sem eru að vinna fyrir erlendu félögin, en það hefur ekki alls staðar gengið vel. Einn endurskoðendanna, endurskoðandinn frá Tékklandi, virtist hafa lent í einhverjum dómsmálum og var ásakaður um vanrækslu í starfi. Málinu er ekki lokið og því hefur hann hvorki verið sakfelldur né sýknaður.

Umsjónarendurskoðandinn tók alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana með sér í sumarbústaðinn og út frá þeim vögnuðu nokkrar spurningar sem hann varpar til þín enda er um tilboðsvinnu að ræða og ljóst að endurskoðunarvinnuna þarf að vinna á hagkvæman og skilvirkan hátt. Umsjónarendurskoðandinn telur þó nauðsynlegt að skoða vel rannsóknar- og þróunarkostnað í öllum einingunum.

Verkefni:

- A) Þarf Gamla endurskoðunin að fara með móðurfélagið og öll erlendu félögin og útibúin í gegnum samþykktarferli (e. acceptance and continuance) ef öll erlendu félögin hafa þegar farið í gegnum slíkt samþykktarferli hjá sínum erlendu endurskoðendum?
- B) Hvernig á að ákvarða mikilvægismörk fyrir samstæðu og hvaða áhrif hafa þau á einstök dótturfélög eða aðrar einingar? Skilgreindu mikilvægismörk fyrir samstæðu ESS Software hf., dótturfélög og einstakar einingar félagsins.

- C) Hvaða efnisatriði þurfa að koma fram í endurskoðunarfyrirmælum (e. audit instructions) til erlendra félaga? Þarf Gamla endurskoðunin að senda út endurskoðunarfyrirmæli vegna allra erlendu félaganna?

Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 7 – 60 mín.

Í lok mars 2012 gerði Símafélagið hf. tilboð í allt hlutfé Sjóðvarpsfélagsins hf., sem hefur höfuðstöðvar sínar í Kópavogi. Símafélagið er með skráð hlutabréf í kauphöll og gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Stjórnendur Símafélagsins hf. hafa kallað þig til aðstoðar við að ákvarða yfirtökuverð Sjóðvarpsfélagsins í samstæðuársreikningi sínum fyrir árið 2012.

Tilboðið var gert á grundvelli nýbirts ársreiknings Sjóðvarpsfélagsins hf. fyrir árið 2011. Tilboðinu var tekið tveimur dögum eftir að það var gert. Samkeppniseftirlitið heimilaði yfirtökuna að uppfylltum tilteknum skilyrðum 30. nóvember 2012. Ný stjórn Sjóðvarpsfélagsins var kjörin á hluthafafundi 1. desember 2012.

Kaupverð hlutfjárins var greitt með útgáfu nýs hlutfjár í Símafélaginu að nafnverði 800 millj. kr., sem gefið var út á yfirtökudegi, 1. desember 2012. Mögulegt viðbótarkaupverð, sem háð er niðurstöðu í dómsmáli á hendur Sjóðvarpsfélaginu, getur numið allt að 400 millj. kr., sem greiddar yrðu með handbæru fé þegar dómur Hæstaréttar eða endanleg niðurstaða lægi fyrir. Kostnaður Símafélagsins vegna yfirtökunnar nemur 105 millj. kr., þar af eru 52 millj. kr. vegna áreiðanleikakannana, sem gerðar voru, 8 millj. kr. vegna vinnu verðmatssérfræðinga, 12 millj. kr. vegna samskipta lögmannna félagsins við Samkeppniseftirlitið, 4 millj. kr. vegna útgáfu nýs hlutfjár, 11 millj. kr. vegna skráningarlýsingar sem birta þarf í kauphöll vegna hlutfjárhækkunarinnar og það sem á vantar eru áætluð laun og launatengd gjöld vegna vinnu starfsmanna fjárhagsdeildar Símafélagsins við tilboðsgerð og yfirtökuna.

Samkvæmt skýrslu sem verðmatssérfræðingarnir unnu er gangvirði viðskipta-sambanda við áskrifendur Sjóðvarpsfélagsins talið 2.620 millj. kr. og brotthvarfshlutfall byggt á rauntölum undanfarinna ára 12,5%. Gangvirði viðskiptasambanda við helstu birgja er talið 350 millj. kr. og hafa fimm ára líftíma. Sérþekking starfsfólks er metin á 85 millj. kr. Ofmat dagskrárbirgða er talið vera um 45 millj. kr., þar sem hluti þeirra er farinn að eldast og talinn úr takti við smekk meginhluta áskrifenda. Vantaldar niðurfærslur krafna eru taldar 15 millj. kr., ofmat hlutdeildarféлага er talið 30 millj. kr., vanmat vaxtaberandi skulda er talið 230 millj. kr. vegna óhagkvæmra vaxtakjara og núvirði líklegs viðbótarkaupverðs 246 millj. kr.

Upplýsingar um endurskoðaðan efnahagsreikning Sjóðvarpsfélagsins hf. í árslok 2011 og drög að efnahagsreikningum félagsins 31. mars, 30. nóvember og 31. desember er í fylgiskjali 7.

Skráð gengi hlutfjár í Símafélaginu hf. var 6,80 í árslok 2011, 7,15 degi fyrir birtingu yfirtökutilboðsins, 6,46 30. nóvember 2012 og 6,61 í lok árs 2012.

Tekjuskattur Sjóðvarpsfélagsins er 20%.

Verkefni þitt er eftirfarandi:

A) Ákvarðaðu og sýndu yfirtökuverð Sjóðvarpsfélagsins.

B) Útbúðu töflu í skýringu í ársreikning Símafélagsins vegna yfirtökunnar, sem sýnir breytingu á bókfærðu verði yfirtekinna eigna og skulda

Sjónvarpsfélagsins í yfirtökuverð þeirra. Sýndu alla nauðsynlega útreikninga.

- C) Forsvarsmenn Símafélagsins hf. velta fyrir sér hvort birta eigi sérstaklega kostnað við yfirtökuna og óska eftir að þú takir saman þann kostnað sem þar yrði sýndur.**
- D) Sýndu hvaða fjárhæðir og undir hvaða liðum eiginfjárfirlits hlutafjár-
aukning vegna yfirtökunnar yrði birt.**

Verkefni 8 – 30 mín.

Í tengslum við atvinnuáttak sem ríkisstjórnin hefur hleypt af stað hefur Flúrafiskur hf. átt í viðræðum við yfirvöld um að setja upp fiskeldisverksmiðju á Reykjanesi til að rækta hitakæran eldisfisk með heitu affallsvatni virkjunar Rafhitaveitunnar. Gert er ráð fyrir að ef af verkefninu verði muni Framfarasjóður sem ríkisstjórnin setur á stofn styrkja verkefnið með tvennum hætti.

Annars vegar yrði styrkur vegna byggingar verksmiðjunnar, sem verður að fullu endurkræfur ef verksmiðjan tekur ekki til starfa innan tveggja ára, en endurkrafan lækkar línulega og fellur niður nái verksmiðjan að starfa í sjö ár. Styrkurinn yrði greiddur út í tvennu lagi; að hálfu þegar 30% framkvæmdanna yrði lokið og að hálfu þegar verksmiðjan tæki til starfa.

Hins vegar yrði styrkur með greiðslu hluta af launum tiltekinna starfsmanna sem leiða munu nauðsynlegt vísindastarf. Launastyrkurinn verður greiddur árlega fyrir fimm almanaksár, þann 1. maí, frá og með fyrsta heila starfsári verksmiðjunnar, sem gert er ráð fyrir að verði árið 2015.

Flúrafiskur hf. gerir ársreikning sinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Verkefni þitt er eftirfarandi:

- A) Gerðu stjórnendum Flúrafisks hf. grein fyrir því hvernig mögulegt er að færa ríkisstyrkina í bækur félagsins og birta í ársreikningi þess.**
- B) Gerðu jafnframt grein fyrir því hvort og þá frá hverju þyrfti að greina í skýringum ársreiknings félagsins.**

Svarið hér:

Verkefni 9 – 60 mín.

Tvíund hf. er skráð í íslensku kauphöllinni og gerir samstæðuársreikning sinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Félagið er endurskoðað af Gömlu endurskoðuninni hf. Tvíund hefur nýlega gert samning um kaup á reikningsskilabjónustu við vinnuveitanda þinn og hefur nú óskað eftir aðstoð við að smíða skýringu um virðisrýrnunarpróf í ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2012.

Tvíund á danskt dótturfélag, sem keypt var fyrir nokkrum misserum. Lengst af hefur rekstur dótturfélagsins, Bipol AS, gengið vel. Að undanfögnu hefur hins vegar hallað undan fæti og framtíðarhorfur daprast. Tvíund hefur, eins og staðlarnir kveða á um, látið gera árlegt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild sem tengist eignarhlutanum í Bipol AS, sem telst sérstök sjóðstreymiseining. Prófið var yfirfarið af fyrirtækinu Ráðgjafanum ehf., sem samkvæmt heimasíðu félagsins sérhæfir sig í fjármálaráðgjöf og virðisrýrnunarprófum. Stjórnendur Tvíundar hafa samþykkt niðurstöðu Ráðgjafans fyrir sitt leyti og eiga ekki von á að niðurstaða endurskoðanda félagsins verði önnur eftir nýlegan fund með honum um málið. Skýrsla um virðisrýrnunarprófið frá Ráðgjafanum er á fylgiskjali 9.

Verkefni þitt er eftirfarandi:

Settu saman tillögu að skýringu um virðisrýrnunarprófið og niðurstöðu þess. Stjórnendur Tvíundar hf. vilja að skýringin sé læsileg fyrir allan almenning og að ekki sé vísað til alþjóðlegra reikningsskilastaðla með almennum hætti. Þeir hafa þó fallist á að í rökstuðningi fyrir skýringunni megi vísa til einstakra greina í staðlinum, þó sá hluti muni ekki birtast í samstæðuársreikningi félagsins. Gengi dönsku krónunnar var 22,75 í árslok 2012, en 21,60 að meðaltali á árinu 2012.